

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 17. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0017
IAS

Efni: Hagahverfi, deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dagsettu 16. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna deiliskipulags Hagahverfis.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn á fyrri stigum málsins og benti þar á að áætluð uppbygging íbúðarsvæðis væri staðsett nálægt lítt röskuðum fjörusvæðum í vestanverðum Skarðsfirði, sem eru á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta), svæði 629. Fyrirhugað íbúðasvæði væri einnig að hluta til innan marka svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, vegna verðmætra fjöruvistgerða og búsvæða fugla, og að tryggja þyrfti hæfilega fjarlægð byggðarinnar frá fjörumörkum.

Ef skoðaðar eru nýlegar loftmyndir af svæðinu sést að á milli mynda sem teknar eru 2022 og 2023 (sjá vefsíða Loftmynda ehf) hefur vestasta hluta fjörunnar verið raskað með landfyllingu sem nær inn á svæði 629 á náttúruminjaskrá. Í 37. gr laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) segir m.a.:

„Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnuna Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.“

Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri athugasemdir og bendir einnig á að leirur njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og skal forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

